

## Aðalfundur Félags Háskólakennara á Akureyri 31. maí 2007

### Fundargerð

Mættir: alls mættu 31 félagsmaður

1. Fundur settur: Formaður félagsins, Þórir Sigurðsson, setti fund kl. 12:00 í stofu K 202 og skipaði Helga Bergs fundarstjóra og Hafðísi Skúladóttur fundarritara, með samþykki fundarmanna.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar: Hafðís Skúladóttir las fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.
3. Ársskýrsla lögð fram: Þórir Sigurðsson dreifði eintaki af skýrslu fyrir starfsárið 1.06.2006-31.5.2007 og fór yfir annál, þar sem hann tiltók hvað var tekið fyrir á stjórnarfundum og félagsfundum á þessu tímabili. Umræða var um uppsagnir starfsmanna og þörf á verklagsreglum um viðbrögð félagsins, ákvörðun stjórnar um fjárstuðning o.fl.
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrt frá fjárhag félagsins. Ársreikningi FHA fyrir 1. janúar-31. desember 2006 var dreift á fundinum. Ása Guðmundardóttir og Björk Sigurgeirsdóttir kynntu reikninga og áætlun fyrir næsta starfsár. Tillaga kom fram að reglur yrðu samdar um stuðning við málaferli, verkföll o.fl. Reikningar voru samþykktir samhljóða.
5. Staðfesting á inntöku nýrra félaga: Ekki hefur verið settur saman listi yfir nýja félaga en allir nýir félagar voru samþykktir með lófataki.
6. Ákvörðun um árgjald: Samþykkt óbreytt árgjald eða 1,2% af grunnlaunum
7. Tillögur til lagabreytinga: Engar tillögur komu fram um lagabreytingar.
8. Kosning stjórnar: Tveir voru í framboði til formanns. Þórir Sigurðsson og Kjartan Ólafsson. Leynileg kosning fór fram. Í fyrri atrennu fengu Þórir og Kjartan jafnmörg atkvæði eða 13 atkvæði hvor, 3 seðlar voru auðir og 1 ógildur. Í seinni atrennu hlaut Þórir Sigurðsson 16 atkvæði, Kjartan Ólafsson 12 atkvæði, 2 voru auðir. Páll Björnsson og Björk Sigurgeirsdóttir verða stjórnarmenn í eitt ár í viðbót. Hafðís Skúladóttir og Kjartan Ólafsson voru endurkjörin til tveggja ára. Finnur Friðriksson og Giorgio Barichello voru kosnir varamenn til eins árs. Samþykkt.
9. Samninganefnd: Var endurkjörin. Helgi Gestsson verður formaður. Aðrir í nefndinni verða Hjördís Sigursteinsdóttir, Kristín Dýrfjörð og Þórir Sigurðsson til vara. Samþykkt.
10. Skoðunarmenn ársreikninga: Voru endurkjörnir. Stefán Jóhannsson, og Stefán B. Gunnlaugsson. Samþykkt.

11. Samstarfsnefnd FHA: Var endurkjörin. Hjalti Jóhannesson, Þórir Sigurðsson og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir. Samþykkt.
12. Önnur mál: Þórir Sigurðsson kynnti reglur um þóknun sem voru samþykktar á stjórnarfundum 6. mars 2007. Þessar reglur settar fram eftir endurskoðun á eldri reglum. Reglur um námssjóð voru kynntar og engar breytingatillögur komu fram. Þær voru samþykktar óbreyttar.

Fundi slitið kl 13:50.

---

Hafdís Skúladóttir, ritaði fundargerð.